


CAP-SHARE

Nýtt verkefni



Verkefnið CAP-SHARE: Byggjum brýr á milli vísindafólks, stefnumótenda og samfélaga (á ensku CAP-SHARE: Building Bridges of Shared Capacity between Scientists, Policymakers, and Communities) hefur hlotið styrk frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins ([Interreg Northern Periphery and Arctic](#)) sem nemur rúmum 120 milljónum króna. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem byrjar nú í haustog endar haustið 2027.

Um CAP-SHARE

Markmið verkefnisins er að valdefla ungt fólk og styrkja tengsl vísindafólks og stefnumótenda í samfélögum á norðurslóðum þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi verndun líffræðilegrar fjölbreytni og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Áhersla verður lögð á samvinnu við ungmenni og áður nefndir hópar munu taka þátt í vinnustofum þar sem rödd allra fær að heyrast.

Þátttakendur í verkefninu eru Náttúruminjasafn Íslands, Selasetrið, Húnaklúbburinn og sveitarfélagið Húnaþing vestra ásamt samtökunum Arctic Frontiers í Noregi og Háskóla Lapplands í Finnlandi. Vinnan mun fara fram að hluta til í netheimum en einnig verða vinnustofur og ráðstefnur haldnar í hverju landi fyrir sig þar sem þrjú þemu munu liggja til grundvallar:

- Byggja brýr á milli samfélaga, stefnumótenda og vísindafólks
- Hvernig taka skuli tillit til sjónarhorna þvert á kynslóðir heimafélks
- Fá ungt fólk til að taka þátt í og hafa áhrif á staðbundnar aðgerðir allt frá hugmyndum að stefnumótun

Verkefnið byggir að hluta til á eldra verkefni sem Jessica Aquino, dósent við ferðamáladeild Háskólans á Hólum leiddi og nefndist [Youth for Arctic Nature](#). Jessica mun einnig vinna við nýja verkefnið ásamt Cécile Chauvat en hún hefur verið ráðin til Náttúruminjasafnsins sem starfsmaður verkefnisins og verður hún með starfsstöð á Hvammstanga.

Taktu þátt! www.arcticnature.org/cap-share

